

Frístundaskólinn

Í Stóru-Vogaskóla er boðið upp á Frístundaskóla fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og starfar hann frá kl: 13:00 til 17.00, (16:00 á föstudögum).

Umsjónarmaður Frístundaskólans 2016-2017 er Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir (Hanna Lóa).

Aðrir starfsmenn eru Oktavía Ragnarsdóttir (Día) og Helena Richter.

Símanúmer Frístundar: 440-6224 frá 12:30-17:00 (hanna@vogar.is)

Símanúmer ritara skólans: 440-6250 frá 7:40-15:30 (ritari@vogar.is)

- Í Frístundaskólanum er skipulögð dagskrá þar sem hugað er að frjálsum leik, útivist, listum, fræðslu og hreyfingu.
- Nemendur fá síðdegishressingu sem er útbúin af starfsfólki Frístundar.
- Frístundaskólinn er staðsettur í félagsmiðstöð Borunnar við hliðina á sund og íþróttamiðstöð Voga að Hafnargötu 17.
- 1. bekkur fær fylgd frá skóla upp í Frístund en nemendur í 2.- 4. bekk koma sér sjálf uppeftir. (Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef börnin forfallast, til starfsmanns Frístundar eða ritara skólans.)
- Frístundaskólinn starfar einnig á svokölluðum skertum nemendadögum en er lokaður á starfsdögum og í vetrarleyfum skólans, t.d. jóla-, páska- og vetrarfríi.
- Þegar sótt er um dvöl í Frístundaskólanum þarf að fylla út umsókn sem hægt er að nálgast hjá ritara skólans eða á [heimasíðu skólans](#). Sótt er um fyrir hvert skólaár í senn. Ef vistunartíma er breytt skal gera það fyrir 15. hvers mánaðar, sama á við þegar um uppsögn er að ræða.
- Tilkynna þarf sérstaklega, til umsjónarmanns Frístundar eða ritara skólans, um íþrótt- og tómstundastarf sem barnið þarf að sækja innan tíma frístundar.

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga sér um innheimtu gjalda fyrir Frístundaskólann, inn á [heimasíðu sveitafélagsins](#) má sjá verðskrá fyrir gjaldárið.

[Umsóknareyðublað](#)

[Uppsagnareyðublað](#)